

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/2153****2023/EES/62/28****frá 16. desember 2019****um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á og um niðurfellingu reglugerðar  
(ESB) nr. 319/2014 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 126. gr.,

að höfðu samráði við stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 hefur Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) m.a. tekjur af þóknunum frá umsækjendum og handhöfum vottorða sem Flugöryggisstofnunin gefur út og frá aðilum sem hafa skráð yfirlýsingar hjá Flugöryggisstofnuninni, og af innheimtum gjöldum vegna útgáfu efnis, kærumeðferðar, þjálfunar og annarrar þjónustu sem Flugöryggisstofnunin veitir.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 319/2014 <sup>(2)</sup> voru ákvarðaðar þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnunin á að innheimta. Gjaldskránum þarf þó að breyta til að endurheimta kostnað sem og til að koma í veg fyrir verulegan uppsafnaðan afgang í samræmi við ákvæði 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 3) Í þessu samhengi ætti að taka mið af spám Flugöryggisstofnunarinnar að því er varðar vinnuálag hennar, tengdan kostnað og aðra þætti sem máli skipta.
- 4) Ákvarða ætti þóknanir og gjöld, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, á gagnsæjan, sanngjarnan og samræmdan hátt og án mismununar.
- 5) Með fyrirvara um meginregluna um greiðslu kostnaðar, sem sett er fram í 126. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, ættu þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnunin innheimtir ekki að stofna samkeppnishæfni viðkomandi atvinnugreinar í Sambandinu í hættu. Einnig ætti að ákvarða þessi gjöld og þóknanir á grundvelli viðmiðana þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til greiðslugetu viðkomandi lögaðila eða einstaklinga, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.
- 6) Jafnvel þótt öryggi í almenningsflugi ætti að vera það sem mestu varðar ætti Flugöryggisstofnunin samt sem áður að taka fullt tillit til kostnaðarhagkvæmni við framkvæmd verkefna sem hvíla á herðum hennar, með hliðsjón af umfangi þessara verkefna eftir gildistöku reglugerðar (ESB) 2018/1139 og þeim tilföngum sem hún hefur aðgang að.
- 7) Flugöryggisstofnuninni skal gert kleift að innheimta þóknanir og gjöld fyrir vottunarverkefni eða veitingu annarrar þjónustu, sem er ekki sérstaklega tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð en er innan ramma reglugerðar (ESB) 2018/1139.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 327, 17.12.2019, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 319/2014 frá 27. mars 2014 um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 593/2007 (Stjtið. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 58).

- 8) Samningarnir, sem um getur í 1. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, ættu að liggja til grundvallar mati á raunverulegu vinnuálagi sem felst í vottun framleiðsluvara frá þriðju löndum. Að meginreglu til er ferlinu við fullgildingu Flugöryggisstofnunarinnar á vottorðum, sem þriðja land gefur út og Sambandið hefur gert viðeigandi samning við, lýst í slíkum samningum og ætti það að leiða til annars konar vinnuálags en þess sem krafist er vegna vottunarstarfsemi Flugöryggisstofnunarinnar.
- 9) Fastsetja ætti tímamörk fyrir greiðslu þóknana og gjalda sem lögð eru á samkvæmt þessari reglugerð.
- 10) Til að stuðla að endurheimt þóknana og gjalda að því marki sem frekast er unnt ætti að kveða á um viðeigandi úrræði vegna vanskila eða hættu á vanskilum.
- 11) Landfræðileg staðsetning fyrirtækja á yfirráðasvæði aðildarríkjanna ætti ekki að hafa í för með sér mismunun. Af þessum sökum ætti að leggja saman ferðakostnað í tengslum við vottunarverkefni, sem framkvæmd eru vegna slíkra fyrirtækja, og deila honum niður á umsækjendur.
- 12) Í því skyni að auka fyrirsjáanleika ættu umsækjendur að geta óskað eftir mati á þeirri fjárhæð sem ber að greiða fyrir vottunarverkefni og þjónustu. Í ákveðnum tilvikum gæti Flugöryggisstofnunin þurft að framkvæma tæknilega forgreiningu fyrir undirbúning matsins. Í ljósi kostnaðar vegna slíkrar greiningar er réttlætanlegt að Flugöryggisstofnunin fái laun til samræmis við það.
- 13) Rétt þykir að gjöld, sem lögð eru á vegna kæru ákvarðana á vegum Flugöryggisstofnunarinnar, séu greidd að fullu áður en kæra er tekin til greina.
- 14) Þessi reglugerð ætti að gera atvinnugreininni kleift að áætla fjárhæð þeirra þóknana og gjalda sem hún mun verða krafin um að greiða en nauðsynlegt er að kanna reglubundið hvort endurskoða þurfi skilmála hennar í samræmi við 3. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 15) Hafa ætti samráð við hagsmunaaðila áður en gerðar eru breytingar á þóknunum sem og að veita þeim upplýsingar um hvernig þóknarnir eru reiknaðar út. Slíkar upplýsingar ættu að veita hagsmunaaðilum yfirsýn yfir þann kostnað sem til fellur hjá Flugöryggisstofnuninni og framleiðni hennar.
- 16) Við endurskoðun á gjaldskrá ætti að fylgja málsmeðferð sem heimilar breytingar án ástæðulausra tafa á grundvelli reynslu Flugöryggisstofnunarinnar af beitingu þessarar reglugerðar, af samfelldri vöktun með tilföngum og vinnuáðferðum sem og af samfelldu mati á fjármagnsþörf.
- 17) Fella ætti reglugerð (ESB) nr. 319/2014 úr gildi með fyrirvara um umbreytingarákvæði.
- 18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

#### I. KAFLI

#### ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

#### Efni

Í þessari reglugerð er ákveðið í hvaða tilvikum beri að greiða Flugöryggisstofnuninni þóknarnir og gjöld, fjárhæð þessara þóknana og gjalda og með hvaða hætti greiðslan fer fram.

2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „þóknarnir“: fjárhæðir sem Flugöryggisstofnunin innheimtir og umsækjendum ber að greiða fyrir vottunarverkefni,

- b) „gjöld“: fjárhæðir sem Flugöryggisstofnunin innheimtir fyrir aðra þjónustu en vottunarverkefni,
- c) „vottunarverkefni“: hvers konar starfsemi sem Flugöryggisstofnunin annast beint eða óbeint í þeim tilgangi að gefa út, viðhalda eða breyta vottorðum samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli téðrar reglugerðar,
- d) „þjónusta“: hvers konar starfsemi sem Flugöryggisstofnunin innir af hendi, að undanskildum vottunarverkefnum, þ.m.t. afhending vöru,
- e) „umsækjandi“: einstaklingur eða lögaðili sem biður Flugöryggisstofnunina að framkvæma vottunarverkefni eða veita þjónustu,
- f) „reikningstímabil“ (e. *billing cycle*): endurtekið tólf mánaða tímabil sem notað er fyrir verkefni til margra ára og eftirlitsverkefni. Tímabilið hefst:
- 1) að því er varðar þóknunir og gjöld sem eru tilgreind í töflum 1–6 í I. hluta viðaukans, þann dag þegar umsóknin berst,
  - 2) að því er varðar þóknunir sem eru tilgreindar í töflu 8 í I. hluta viðaukans, 1. júní í kjölfar útgáfu vottorðsins,
  - 3) að því er varðar samþykkisþóknunir sem eru tilgreindar í töflum 9–15 í I. hluta viðaukans, þann dag þegar umsóknin berst,
  - 4) að því er varðar eftirlitsþóknunir sem eru tilgreindar í töflum 9–15 í I. hluta viðaukans, þann dag þegar umsóknin berst.

### 3. gr.

#### Ákvörðun þóknana og gjalda

1. Einungis Flugöryggisstofnunin skal innheimta og leggja á þóknunir og gjöld í samræmi við þessa reglugerð.
2. Nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð skulu þóknunir og gjöld reiknuð út samkvæmt tímataxtanum í II. hluta viðaukans.
3. Aðildarríki skulu ekki innheimta þóknunir fyrir verkefni sem falla innan valdsviðs Flugöryggisstofnunarinnar, jafnvel þótt þau annist þessi verkefni fyrir hönd Flugöryggisstofnunarinnar. Flugöryggisstofnunin skal endurgreiða aðildarríkjunum fyrir vinnu við verkefni sem þau annast fyrir hennar hönd.
4. Þóknunir og gjöld skulu gefin upp og greidd í evrum.
5. Fjárhæðirnar, sem um getur í I., II. og III. hluta a viðaukans, skulu vera verðtryggðar, frá og með 1. janúar ár hvert, og fylgja verðbólgu sem mæld er í samræmi við aðferðina í IV. hluta viðaukans.
6. Þrátt fyrir þóknunirnar, sem um getur í viðaukanum, geta þóknunir fyrir vottunarverkefni, sem framkvæmd eru í tengslum við tvíhliða samning á milli Sambandsins og þriðja lands, fallið undir sérstök ákvæði sem mælt er fyrir um í viðkomandi tvíhliða samningi.

### 4. gr.

#### Greiðsla þóknana eða gjalda

1. Flugöryggisstofnunin skal setja skilmála um greiðslu þóknana og gjalda þar sem fram kemur við hvaða skilyrði Flugöryggisstofnunin leggur á gjöld fyrir vottunarverkefni og þjónustu. Flugöryggisstofnunin skal birta skilmálana á vefsetri sínu.
2. Umsækjandinn skal greiða að fullu þá fjárhæð sem honum ber innan 30 almanaksdaga frá því að umsækjandanum er tilkynnt um reikninginn.
3. Hafi Flugöryggisstofnunin ekki mótttekið greiðslu reiknings að loknum frestinum, sem um getur í 2. mgr., er Flugöryggisstofnuninni heimilt að innheimta vexti fyrir hvern þann almanaksdag sem greiðsla dregst.

4. Vextirnir skulu vera þeir vextir sem Seðlabanki Evrópu notar við skammtímalánafyrirgreiðslur sínar og eru birtir í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*, ásamt því að vera í gildi á fyrsta almanaksdegi þess mánaðar þegar greiðslan fellur í gjalddaga, að viðbættum átta prósentustigum.

5. gr.

#### Synjun eða stöðvun af fjárhagsástæðum

1. Án þess að það hafi áhrif á starfsreglur Flugöryggisstofnunarinnar er henni heimilt:

- að synja umsókn ef þóknarir eða gjöld hafa ekki borist áður en tímabilið, sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr., er liðið,
- að synja eða stöðva umsókn ef sannanir liggja fyrir um bresti í fjárhagslegri getu umsækjanda nema umsækjandi leggi fram bankaábyrgð eða örugga innborgun,
- að synja eða stöðva umsókn í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 8. gr.,
- að synja beiðni um framsal vottorðs, ef ekki er staðið skil á greiðslum fyrir vottunarverkefni eða þjónustu, sem Flugöryggisstofnunin hefur innt af hendi.

2. Áður en Flugöryggisstofnunin gerir ráðstafanir í samræmi við 1. mgr. skal hún hafa samráð við umsækjandann um fyrirhugaðar ráðstafanir sínar.

6. gr.

#### Ferðakostnaður

1. Ef vottunarverkefni eða þjónusta fer fram að öllu leyti eða að hluta til utan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, skal umsækjandinn greiða ferðakostnað í samræmi við reikniregluna:  $d = v + a + h - e$ .

2. Að því er varðar reikniregluna, sem um getur í 1. mgr., gildir eftirfarandi:

$d$  = ferðakostnaður sem greiða skal,

$v$  = flutningskostnaður,

$a$  = opinberir staðlaðir taxtar framkvæmdastjórnarinnar fyrir dagpeninga að því er varðar gistingu, máltíðir, kostnað við ferðir innan svæðisins í tengslum við viðkomandi verkefni og ýmis önnur útgjöld<sup>(3)</sup>,

$h$  = ferðatími (staðlaður ferðatími í klukkustundum á hvern ákvörðunarstað, sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar), samkvæmt tímataxtanum í II. hluta viðaukans<sup>(4)</sup>, í tilviki viðskiptaferða, sem tengjast nokkrum verkefnum, skal upphæðinni skipt niður til samræmis við það,

$e$  (e-þáttur) = meðalferðakostnaður innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, að meðtöldum meðalflutningskostnaði og meðalferðatíma innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, sem eru margfaldaðir með tímataxtanum í II. hluta viðaukans. Þetta gildi er endurskoðað árlega og lagðar á það verðbætur.

3. Ferðakostnaður vegna útgjalda í tengslum við veitingu þjónustu sem um getur í 2. mgr. 14. gr. skal eingöngu innheimtur í samræmi við II. hluta a viðaukans.

7. gr.

#### Fjárhagsáætlun

1. Að fenginni beiðni frá umsækjanda, og með fyrirvara um ákvæði 2. mgr., skal Flugöryggisstofnunin leggja fram fjárhagsáætlun.

2. Í þeim tilvikum þar sem Flugöryggisstofnunin þarf að framkvæma tæknilega forgreiningu fyrir ofangreinda fjárhagsáætlun, sökum vænts flækjustigs verkefnisins, skal innheimta fyrir greininguna á grunni tímavinnu samkvæmt samningsbundnu samkomulagi sem umsækjandinn og Flugöryggisstofnunin gera með sér.

<sup>(3)</sup> Sjá gildandi taxa fyrir dagpeninga í „Current per diem rates“ á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar fyrir þróunaraðstoð Evrópu (EuropeAid) ([http://ec.europa.eu/europeaid/work/procedures/implementation/per\\_diems/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/europeaid/work/procedures/implementation/per_diems/index_en.htm)).

<sup>(4)</sup> Sjá staðlaðan ferðatíma í „Standard number of hours“ eins og kemur fram í „Standard travel time list“ á vefsetri Flugöryggisstofnunarinnar (<https://www.easa.europa.eu/>).

3. Að fenginni beiðni umsækjandans skal starfsemin stöðvuð tímabundið þar til Flugöryggisstofnunin hefur lagt fram áætlunina sem óskað er eftir og umsækjandinn hefur samþykkt hana.
4. Flugöryggisstofnunin skal breyta fjárhagsáætluninni ef í ljós kemur að verkefnið er einfaldara eða unnt er að vinna það hraðar en upphaflega var talið eða ef það er flóknara og tekur lengri tíma að vinna það en Flugöryggisstofnunin gat með góðu móti séð fyrir.

## II. KAFLI

### ÞÓKNANIR

#### 8. gr.

#### Almenn ákvæði um greiðslu þóknana

1. Framkvæmd vottunarverkefna er háð því að þóknunin sé greidd fyrir fram að fullu, nema Flugöryggisstofnunin ákveði annað eftir tilhlýðilegt mat á tengdri fjárhagslegri áhættu. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að reikningsfæra þóknunina í einni greiðslu eftir að hafa tekið við umsókninni eða í upphafi árstímabilsins eða eftirlitstímabilsins.
2. Fyrir ákveðið vottunarverkefni skal umsækjandinn annaðhvort greiða:
  - a) fasta þóknun, eins og sett er fram í I. hluta viðaukans,
  - b) breytilega þóknun.
3. Breytilega þóknunin, sem um getur í b-lið 2. mgr., skal ákveðin með því að margfalda raunfjölda vinnustunda með tímataxtanum í II. hluta viðaukans.
4. Ef það er réttlætjanlegt af tæknilegum aðstæðum sem varða þóknanirnar, sem eru ákvarðaðar í þessari reglugerð, þá er Flugöryggisstofnuninni heimilt, með fyrirvara um samþykki umsækjandans:
  - a) að endurflokka umsókn innan flokkanna sem eru tilgreindir í viðaukanum við þessa reglugerð,
  - b) að endurflokka nokkrar umsóknir sem eina staka umsókn, að því tilskildu að þessar umsóknir varði sömu tegundarhönnun og að þær varði eitt eða fleiri eftirfarandi atriði, í hvaða samsetningu sem er:
    - i. meiri háttar breytingar,
    - ii. meiri háttar viðgerðir, eða
    - iii. viðbórtartegundarvottorð.

Ef umsækjandinn er ekki sammála þeirri endurflokkun sem lögð er til getur Flugöryggisstofnunin synjað eða stöðvað viðkomandi umsókn(ir).

#### 9. gr.

#### Greiðslutímabil

1. Þóknanimar, sem um getur í töflu 1, 2 og 3 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar fyrir hverja umsókn og fyrir hvert 12 mánaða tímabil. Eftir fyrstu 12 mánuðina skal þóknunin vera 1/365 af viðkomandi þóknun á ársgrundvelli fyrir hvern dag.
2. Þóknanimar, sem um getur í töflu 4 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar fyrir hverja umsókn.
3. Þóknanimar, sem um getur í töflu 8 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar fyrir hvert 12 mánaða tímabil.
4. Þóknanimar, sem um getur í töflum 9–14 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar sem hér segir:
  - a) samþykkisþóknarir skulu innheimtar fyrir hverja umsókn,
  - b) eftirlitsþóknarir skulu innheimtar fyrir hvert 12 mánaða tímabil,

Allar breytingar á fyrirtæki, sem hafa áhrif á samþykki þess, leiða til endurútreiknings á eftirlitsþóknun frá og með næsta 12 mánaða tímabili eftir að breytingin er samþykkt.

5. Í þeim tilvikum sem um getur í 2. lið f-liðar í 2. gr. skulu þóknarnir, sem greiða skal fyrir tímabilið milli útgáfudags vottorðsins og upphafs fyrsta reikningstímabilsins eftir það, reiknaðar í réttu hlutfalli út frá tíma, á grundvelli töflu 8 í I. hluta viðaukans.
6. Ef endurflokkun umsóknar leiðir til breytinga á viðeigandi þóknunum skulu þær endurreiknaðar á eftirfarandi hátt:
  - a) þóknarnir, sem eru innheimtar fyrir hverja umsókn, skulu endurreiknaðar frá og með viðtökudegi umsóknarinnar,
  - b) þóknarnir, sem eru innheimtar fyrir hverja umsókn og fyrir hvert 12 mánaða tímabil, skulu endurreiknaðar frá og með núverandi reikningstímabili,
  - c) ef Flugöryggisstofnunin endurflokkar nokkrar umsóknir í eina staka umsókn, í samræmi við 4. mgr. 8. gr., skal endurreikna þóknunina frá og með þeim degi sem talinn er skipta máli fyrir endurflokkunina.

10. gr.

### Synjun umsókna, stöðvun og hlé gert á vinnu við verkefni sem tengjast umsóknum

1. Í tilvikum þar sem umsókn er synjað eða þar sem vinna við verkefni sem tengist umsókn er stöðvuð eða hlé gert á henni skulu viðeigandi þóknarnir, ásamt tengdum ferðakostnaði og öllum öðrum kostnaði sem ber að greiða, greiddar að fullu þegar Flugöryggisstofnunin hættir vinnu við verkefni.
2. Í tilvikum þar sem umsókn er synjað eða þar sem vinna við verkefni sem tengist umsókn er stöðvuð skulu eftirstöðvar þeirra þóknana sem greiða skal reiknaðar sem hér segir:
  - a) að því er varðar þóknarnir, sem um getur í töflum 1, 2 og 3 í I. hluta þessa viðauka, sem innheimtar eru fyrir hverja umsókn og fyrir hvert 12 mánaða tímabil, skulu eftirstöðvar þóknana fyrir yfirstandandi reikningstímabil vera 1/365 af viðkomandi þóknun á ársgrundvelli fyrir hvern dag; viðeigandi þóknarnir skulu greiddar að því er varðar tímabilin fyrir yfirstandandi 12 mánaða tímabil,
  - b) að því er varðar þóknarnir, sem um getur í töflum 4 og 15 í I. hluta viðaukans, og fastar þóknarnir, sem um getur í II. hluta viðaukans, sem innheimtar eru fyrir hverja umsókn, skulu eftirstöðvar þóknana vera 50% af viðeigandi þóknun,
  - c) að því er varðar þóknarnir, sem um getur í töflum 9 til 14 í I. hluta viðaukans, sem innheimtar eru fyrir hverja umsókn, skulu eftirstöðvar þóknana reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun en mega þó ekki vera hærri en viðeigandi föst þóknun,
  - d) að því er varðar þóknarnir, sem um getur í II. hluta viðaukans, sem innheimtar eru fyrir hverja umsókn, skulu eftirstöðvar þóknana reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun,
  - e) að því er varðar þóknarnir, sem ekki er getið í a- til d-lið, skulu eftirstöðvarnar reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun nema umsækjandinn og Flugöryggisstofnunin komi sér saman um annað.
3. Ef gert er hlé á vinnu við verkefni sem tengist umsókn innan fyrsta reikningstímabilsins skulu þóknarnir fyrir það reikningstímabil ekki endurgreiddar. Ef slíkt hlé er gert að loknu fyrsta reikningstímabilinu skulu eftirstöðvar þóknana reiknaðar út í samræmi við viðmiðunina sem er sett fram í a-lið 2. mgr. Ef Flugöryggisstofnunin tekur aftur til starfa við verkefni sem tengist umsókn, í kjölfar hlés á téðu verkefni, skal hún sjálfkrafa innheimta nýja þóknun að liðnu því tímabili sem umsækjandinn velur fyrir hléið eða fyrr ef umsækjandi óskar eftir því, án tillits til þeirra þóknana sem þegar hafa verið greiddar fyrir verkefnið sem gert var hlé á.
4. Að því er varðar þessa reglugerð:
  - a) skal stöðvun vinnu við verkefni að beiðni umsækjanda taka gildi þann dag sem beiðnin berst,
  - b) skal stöðvun vinnu við verkefni að frumkvæði Flugöryggisstofnunarinnar taka gildi þann dag sem ákvörðunin um stöðvun er tilkynnt umsækjandanum,
  - c) skal hlé sem gert er á vinnu við verkefni að beiðni umsækjanda taka gildi þann dag sem umsækjandinn tilgreinir en þó ekki fyrr en þann dag sem beiðnin berst Flugöryggisstofnuninni.

5. Ekki skal tekið tillit til þóknana, sem greiddar hafa verið fyrir vinnu við verkefni sem tengist umsókn, sem hefur verið stöðvað, í tengslum við síðari verkefni jafnvel þó þau séu af sama toga og verkefnið sem var stöðvað.

*11. gr.*

**Tímabundin ógilding eða afturköllun vottorða**

1. Ef greiðslur hafa ekki borist vegna útistandandi þóknana að loknu tímabilinu, sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr., er Flugöryggisstofnunin heimilt að fella vottorðið tímabundið úr gildi eða afturkalla það, að höfðu samráði við handhafa vottorðsins.

2. Ef Flugöryggisstofnunin fellir vottorð tímabundið úr gildi vegna þess að handhafi vottorðsins uppfyllir ekki gildandi kröfur eða greiðir ekki árlegu þóknunina eða eftirlitsþóknunina, skal Flugöryggisstofnunin, þrátt fyrir tímabundnu ógildinguna, halda áfram að reikningsfæra árlegu þóknunina eða eftirlitsþóknunina í einni greiðslu í upphafi árstímabilsins eða eftirlitstímabilsins. Flugöryggisstofnunin má afturkalla viðkomandi vottorð ef handhafi vottorðsins vanrækir greiðsluskuldbindingar sínar innan eins árs frá þeim degi sem tilkynnt var um tímabundnu niðurfellinguna. Til að vottorðið öðlist gildi á ný er þess krafist að eftirstöðvar þóknunarinnar fyrir tímabil tímabundnu ógildingarinnar séu greiddar að fullu sem og aðrar fjárhæðir sem eru útistandandi á þeim tíma.

3. Ef Flugöryggisstofnunin afturkallar vottorð vegna þess að handhafi vottorðsins uppfyllir ekki gildandi kröfur eða greiðir ekki árlegu þóknunina eða eftirlitsþóknunina, skulu eftirstöðvar þóknana fyrir yfirstandandi reikningstímabil reiknaðar sem hér segir:

- a) að því er varðar árlega fasta þóknun eða fasta eftirlitsþóknun, sem er innheimt fyrir hvert vottorð eða fyrir hvert 12 mánaða tímabil, skulu eftirstöðvar þóknana vera 1/365 af viðkomandi fastri þóknun fyrir hvern dag,
- b) að því er varðar árlegar þóknanir og eftirlitsþóknanir, sem eru innheimtar samkvæmt tímaþóknun, skulu eftirstöðvar þóknana reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun.

Fjárhæðirnar, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, ásamt ferðakostnaði og öllum öðrum kostnaði sem ber að greiða, skulu greiddar að fullu daginn sem afturköllunin tekur gildi.

*12. gr.*

**Innskil eða framsal vottorða og flughermisþjálfar gerðir óvirkir**

1. Ef handhafi vottorðsins skilar inn vottorði skulu eftirstöðvar þóknana fyrir yfirstandandi 12 mánaða tímabil reiknaðar sem hér segir:

- a) að því er varðar fasta árlega þóknun eða fasta eftirlitsþóknun, sem er innheimt fyrir hvert vottorð eða fyrir hvert 12 mánaða tímabil, skulu eftirstöðvar þóknana vera 1/365 af viðkomandi árlegri fastri þóknun fyrir hvern dag,
- b) að því er varðar árlegar þóknanir eða eftirlitsþóknanir, sem eru innheimtar samkvæmt tímaþóknun, skulu eftirstöðvarnar reiknaðar samkvæmt tímaþóknun.

Fjárhæðirnar, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, skulu greiddar að fullu ásamt ferðakostnaði og öllum öðrum kostnaði sem ber að greiða daginn þegar innskilin öðlast gildi.

2. Við framsal vottorðs skal nýr handhafi vottorðsins greiða þóknanirnar sem um getur í töflum 8–15 frá og með því reikningstímabili sem kemur á eftir þeim degi þegar framsalið öðlast gildi.

3. Í þeim tilvikum sem um getur í töflu 14 í I. hluta viðaukans skal þóknun fyrir eftirlit með flughermisþjálfum lækkuð að beiðni umsækjandans í réttu hlutfalli við tímalengdina sem flughermisþjálfar eru gerðir óvirkir.

*13. gr.*

**Vottunarverkefni í sérstökum undantekningartilvikum**

Gera skal sérstaka breytingu á innheimtri þóknun til að standa undir öllum kostnaði sem Flugöryggisstofnunin stofnar til í tengslum við ákveðið vottunarverkefni, ef framkvæmd verkefnisins krefst þess að Flugöryggisstofnunin feli verkefnið hópum starfsfólks og/eða fjölda starfsfólks, sem Flugöryggisstofnunin gerir að jafnaði ekki samkvæmt staðlaðri málsmeðferð sinni.

## III. KAFLI

## GJÖLD

## 14. gr.

**Almenn ákvæði um greiðslu gjalda**

1. Fjárhæð gjaldanna sem Flugöryggisstofnunin innheimtir í samræmi við II. hluta viðaukans skal reikningsfærð samkvæmt viðeigandi tímataxta.
2. Gjöld fyrir veitingu þjálfunarþjónustu, þ.m.t. að því er varðar ferðakostnað, skulu innheimt skv. II. hluta a í viðaukanum.

## 15. gr.

**Sá tími sem gjöld eru innheimt og greiðslutímabil**

1. Innheimta skal gjaldið áður en þjónustan er veitt nema Flugöryggisstofnunin ákveði annað eftir að hafa tekið tilhlýðilegt tillit til tengdrar fjárhagslegrar áhættu.
2. Gjöldin, sem um getur í töflu 6 (1. lið) í I. hluta viðaukans, skulu innheimt fyrir hverja umsókn og fyrir hvert 12 mánaða tímabil. Eftir fyrstu 12 mánuðina skulu gjöldin vera 1/365 af viðkomandi gjaldi á ársgrundvelli fyrir hvern dag.
3. Gjöldin, sem um getur í töflum 5 og 6 (2. lið) í I. hluta viðaukans, skulu innheimt fyrir hverja umsókn.
4. Ef endurflokkun umsóknar leiðir til breytinga á viðeigandi gjaldi, skulu gjöldin endurreiknuð til samræmis við það frá viðtökudegi umsóknarinnar.

## 16. gr.

**Synjun umsókna, stöðvun og hlé gert á vinnu við verkefni sem tengjast umsóknum**

1. Í tilvikum þar sem umsókn er synjað eða þar sem vinna við verkefni sem tengist umsókn er stöðvuð eða hlé gert á henni skulu viðeigandi gjöld, ásamt tengdum ferðakostnaði og öllum öðrum kostnaði sem ber að greiða, greidd að fullu þegar Flugöryggisstofnunin hættir vinnu við verkefni.
2. Ef umsókn er synjað eða ef vinna við verkefni sem tengist umsókn er stöðvuð eða hlé gert á henni skulu eftirstöðvar gjaldanna reiknaðar út sem hér segir:
  - a) að því er varðar gjöldin sem um getur í töflu 6 (1. lið) í I. hluta viðaukans, sem eru innheimt fyrir hverja umsókn og fyrir hvert 12 mánaða tímabil, skulu eftirstöðvar gjaldanna fyrir yfirstandandi 12 mánaða tímabil vera 1/365 af viðkomandi gjaldi á ársgrundvelli fyrir hvern dag; hvað varðar tímabilin á undan yfirstandandi 12 mánaða tímabili eru viðeigandi gjöld áfram til greiðslu,
  - b) að því er varðar gjöldin sem um getur í töflum 5 og 6 (2. lið) í I. hluta viðaukans og föstu gjöldin sem um getur í II. hluta viðaukans, sem eru innheimt fyrir hverja umsókn, skulu eftirstöðvar gjaldanna vera 50% af viðeigandi gjaldi,
  - c) að því er varðar gjöldin sem um getur í II. hluta viðaukans, sem eru innheimt samkvæmt tímaþóknun, skulu eftirstöðvarnar reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun,
  - d) að því er varðar gjöld sem ekki er getið í ofangreindum málsgreinum skulu eftirstöðvarnar reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun nema umsækjandinn og Flugöryggisstofnunin komi sér saman um annað.
3. Ef gert er hlé á vinnu við verkefni, sem tengist umsókn, innan fyrsta reikningstímabilsins skulu gjöldin fyrir það reikningstímabil ekki endurgreidd. Ef slíkt hlé er gert að loknu fyrsta reikningstímabilinu skulu eftirstöðvar gjaldanna reiknaðar út í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í a-lið 2. mgr. Ef Flugöryggisstofnunin tekur aftur til starfa við verkefni sem tengist umsókn, í kjölfar hlés á téðu verkefni, skal hún sjálfkrafa innheimta nýtt gjald, án tillits til þeirra gjalda sem þegar hafa verið greidd fyrir verkefnið sem gert var hlé á, að liðnu því tímabili sem umsækjandinn velur fyrir hléið eða fyrr ef umsækjandi óskar eftir því.



4. Að því er varðar þessa reglugerð:
- skal stöðvun vinnu við verkefni að beiðni umsækjanda taka gildi þann dag sem beiðnin berst,
  - skal stöðvun vinnu við verkefni að frumkvæði Flugöryggisstofnunarinnar taka gildi þann dag sem ákvörðunin um stöðvun er tilkynnt umsækjandanum,
  - skal hlé sem gert er á vinnu við verkefni að beiðni umsækjanda taka gildi þann dag sem umsækjandinn tilgreinir en þó ekki fyrr en þann dag sem beiðnin berst Flugöryggisstofnuninni.
5. Ekki skal tekið tillit til greiðsla, sem greiddar hafa verið fyrir vinnu við verkefni, sem tengist umsókn, sem hefur verið stöðvað, í tengslum við síðari verkefni jafnvel þó þau séu af sama toga og verkefnið sem var stöðvað.

#### IV. KAFLI

#### KÆRUR

*17. gr.*

#### Kærumeðferð

- Gjöld skulu innheimt fyrir meðhöndlun kæra sem lagðar eru fram skv. 108. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139. Fjárhæð gjalda skal reiknuð út í samræmi við aðferðina sem sett er fram í III. hluta viðaukans. Kæra skal aðeins talin lögmat ef kærugjaldið hefur verið greitt innan þeirra tímamarka sem um getur í 3. mgr.
- Lögaðili, sem leggur fram kæru, skal leggja fyrir Flugöryggisstofnunina vottorð, undirritað af viðurkenndum embættismanni, þar sem velta stefnanda er tilgreind. Þetta vottorð skal lagt fyrir Flugöryggisstofnunina ásamt kærinni.
- Greiða skal kærugjöld, samkvæmt viðeigandi málsmeðferðarreglum Flugöryggisstofnunarinnar, innan 60 almanaksdaga frá því að kæran var skráð hjá Flugöryggisstofnuninni.
- Ef stefnandi fær málið dæmt sér í vil skal Flugöryggisstofnunin endurgreiða kærugjöldin.

#### V. KAFLI

#### MÁLMEÐFERÐARREGLUR FLUGÖRYGGISSTOFNUNARINNAR

*18. gr.*

#### Almenn ákvæði

Flugöryggisstofnunin skal halda tekjum og útgjöldum vegna vottunarverkefna og veittrar þjónustu aðgreindum frá tekjum og útgjöldum vegna aðgerða sem eru fjármagnaðar með öðrum leiðum.

Í því skyni:

- skulu þóknarir og gjöld, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir, færðar í aðskilið bókhald og gildir sérstök reiknings-skilamálsmeðferð um þau,
- skal Flugöryggisstofnunin taka saman og halda sundurliðaða reikninga yfir tekjur sínar og útgjöld.

*19. gr.***Mat og endurskoðun**

1. Flugöryggisstofnunin skal árlega veita framkvæmdastjórninni, stjórninni og ráðgjafanefnd hagsmunaaðila, sem komið er á fót í samræmi við 4. mgr. 98. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, upplýsingar um þá þætti sem liggja til grundvallar ákvörðun um fjárhæð þóknana. Þessar upplýsingar skulu einkum ná yfir sundurliðun kostnaðar sem tengist næstliðnum árum og næstu árum.
2. Flugöryggisstofnunin skal endurskoða viðaukann reglulega með það fyrir augum að sannreyna hvort mikilvægar upplýsingar, sem tengjast undirliggjandi forsendum um áætlaðar tekjur og útgjöld Flugöryggisstofnunarinnar, endurspeglar á viðeigandi hátt í fjárhæðum þóknana og gjalda sem Flugöryggisstofnunin innheimtir.
3. Þessi reglugerð skal endurskoðuð þegar nauðsyn krefur, einkum með tilliti til tekna Flugöryggisstofnunarinnar og tengds kostnaðar hennar.
4. Áður en Flugöryggisstofnunin gefur álit sitt skal hún hafa samráð við ráðgjafanefnd hagsmunaaðila, sem um getur í 1. mgr., í samræmi við 4. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 og rökstyðja ástæður fyrirhugaðra breytinga.

## VI. KAFLI

**UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI***20. gr.***Niðurfelling**

Reglugerð (ESB) nr. 319/2014 er felld úr gildi með fyrirvara um ákvæði 5. mgr. 21. gr.

*21. gr.***Umbreytingarákvæði**

1. Árlegar þóknarir og eftirlitsþóknarir, sem settar eru fram í töflum 1, 2, 3, 8–13 og 15 í I. hluta viðaukans, gilda um öll yfirstandandi vottunarverkefni við gildistöku þessarar reglugerðar frá og með næsta reikningstímabili sem hefst eftir gildistöku þessarar reglugerðar.
2. Tímataxtarnir, sem eru settir fram í II. hluta viðaukans, gilda frá og með gildistöku þessarar reglugerðar um öll yfirstandandi verkefni við gildistöku þessarar reglugerðar og um verkefni þar sem þóknarir og gjöld eru reiknuð samkvæmt tímaþóknun.
3. Í þeim tilvikum sem um getur í töflum 5 og 6 í I. hluta viðaukans og að því er varðar samþykkisþóknarir fyrir fyrirtæki og samþykkisþóknarir fyrir viðurkenningu á þeim búnaði sem um getur í töflu 14 í I. hluta viðaukans, og þrátt fyrir þessi ákvæði, reiknast þóknarir og gjöld sem tengjast fyrirliggjandi umsóknum við gildistöku þessarar reglugerðar skv. II. hluta viðaukans þar til verkefnum, sem leiða af þessum umsóknum, er lokið.
4. Í þeim tilvikum sem um getur í töflu 14 í I. hluta viðaukans, öðrum en þeim sem um getur í 3. mgr., skulu þóknarirnar sem um getur í töflunni gilda frá og með gildistöku þessarar reglugerðar.
5. Með fyrirvara um ákvæði 2., 3. og 4. mgr., skulu þóknarir og gjöld varðandi yfirstandandi reikningstímabil við gildistöku þessarar reglugerðar reiknuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 319/2014.

22. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

EFNI:

I. hluti: Verkefni þar sem innheimt er föst þóknun

II. hluti: Vottunarverkefni eða þjónusta þar sem innheimt er samkvæmt tímaþóknun

II. hluti a: Gjöld fyrir veitingu þjálfunarþjónustu

III. hluti: Gjöld fyrir kærur

IV. hluti: Ársverðbólga

V. hluti: Til skýringar

## I. HLUTI

## Verkefni þar sem innheimt er föst þóknun

## Tafla 1

## Tegundarvottorð, takmörkuð tegundarvottorð og evrópskar tækniforskriftarheimildir

(sem um getur í B- og O-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012) <sup>(1)</sup>

	Föst þóknun (evrur)
<b>Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lárétt (HTOL)</b>	
Yfir 150 000 kg	2 055 230
Yfir 55 000 kg og allt að 150 000 kg	1 693 040
Yfir 22 000 kg og allt að 55 000 kg	564 350
Yfir 5700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 2730 kg og allt að 5700 kg)	420 700
Yfir 2730 kg og allt að 5700 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 1200 kg og allt að 2730 kg)	139 980
Yfir 1200 kg og allt að 2730 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu sem nemur allt að 1200 kg)	15 890
Allt að 1200 kg	5 300
<b>Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lóðrétt (VTOL)</b>	
Stór	476 100
Meðalstór	190 450
Lítill	23 850
Mjög létt	23 850
Loftbelgir	7 380
Stór loftskip	42 950
Meðalstór loftskip	16 360
Lítill loftskip	8 190

**Knúningsafl**

Hverfihreyflar með flugtaksný sem er 25 KN eða aflaköst fyrir flugtak sem eru yfir 2000 kW	405 310
Hverfihreyflar með flugtaksný allt að 25 KN eða aflaköst fyrir flugtak sem eru allt að 2000 kW	270 170
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	36 920
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	18 460
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd en 5700 kg	12 610
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5700 kg hámarksflugtaksþyngd	3 600
Loftskrúfa í flokki CS-22J	1 800

**Hlutar og úppsettur búnaður**

Verðmæti yfir 20 000 evrum	9 300
Verðmæti á bilinu 2000 til 20 000 evrur	5 320
Verðmæti undir 2000 evrum	3 090
Aukaafstöðvar (APU)	221 120

(<sup>1</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisstærð loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaður og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

*Tafla 2***Viðbótartegundarvottorð**

(sem um getur í E-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012)

	Föst þóknun (evrur)			
	Flókin, veruleg	Veruleg	Stöðluð	Einföld

**Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lárétt (HTOL)**

Yfir 150 000 kg	952 500	76 480	16 330	4 650
Yfir 55 000 kg og allt að 150 000 kg	680 880	45 900	13 060	3 660
Yfir 22 000 kg og allt að 55 000 kg	378 140	30 600	9 790	3 330
Yfir 5700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 2730 kg og allt að 5700 kg)	290 420	18 360	6 540	3 330
Yfir 2730 kg og allt að 5700 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 1200 kg og allt að 2730 kg)	119 970	5 610	2 580	1 290
Yfir 1200 kg og allt að 2730 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu sem nemur allt að 1200 kg)	6 140	1 970	1 230	610
Allt að 1200 kg	3 630	310	310	310

**Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lóðrétt (VTOL)**

Stór	321 710	58 950	8 840	2 950
Meðalstór	188 500	29 480	5 900	2 360

Lítill	15 080	11 800	4 420	1 480
Mjög létt	9 610	1 110	490	310
<b>Önnur mönnuð loftför</b>				
Loftbelgir	3 630	1 050	490	310
Stór loftskip	37 700	15 970	12 780	6 390
Meðalstór loftskip	15 090	4 910	3 930	1 970
Lítill loftskip	7 520	2 460	1 970	990
<b>Knúningsafl</b>				
Hverfihreyflar með flugtakskný sem er 25 KN eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2000 kW	190 090	14 740	8 840	5 900
Hverfihreyflar með flugtakskný allt að 25 KN eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2000 kW	185 830	8 840	6 940	4 630
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	34 710	3 440	1 540	770
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	17 410	1 730	770	370
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd en 5700 kg	7 020	2 460	1 230	610
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5700 kg hámarksflugtaksþyngd	2 140	1 840	920	470
Loftskrúfa í flokki CS-22J	1 080	920	470	230
<b>Hlutar og úppsettur búnaður</b>				
Verðmæti yfir 20 000 evrum	—	—	—	—
Verðmæti á bilinu 2000 til 20 000 evrum	—	—	—	—
Verðmæti undir 2000 evrum	—	—	—	—
Aukaafstöðvar (APU)	136 280	7 370	4 920	2 460

Tafla 3

**Meiri háttar breytingar og meiri háttar viðgerðir**

(sem um getur í D- og M-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012)

	Föst þóknun (evrum)				
	Gerðarþóknun (e. <i>model fee</i> ) <sup>(1)</sup>	Flókin, veruleg	Veruleg	Stöðluð	Einföld
<b>Mönnuð loftför sem lenda eða hefja flug lárétt (HTOL)</b>					
Yfir 150 000 kg	100 000	800 000	78 010	14 330	5 110
Yfir 55 000 kg og allt að 150 000 kg	59 880	479 050	39 030	10 750	3 290
Yfir 22 000 kg og allt að 55 000 kg	39 910	319 280	31 230	7 170	2 560
Yfir 5700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu yfir 2730 kg og allt að 5700 kg)	31 930	255 450	19 520	3 580	2 560

